

Veiðistaðir



Nýr veiðistaður hefur bæst við Reykjadalalsá eftir dómsútskurð, veiða má í Reykjadalalsá að veiðisvæði Svarthöfða í Hvítá. Nýji veiðistaðurinn er nr. 0 á kortinu og er enn ónefndur.



1. Bæjarfljót

Bæjarfljótið er neðsti veiðistaðurinn í Reykjadalá. Áin er mjög oft lituð þarna af Hívítánni og því getur reynst erfitt að veiða lax þar fyrir utan þegar göngunar upp ána er í gangi.



1,5. Önefndur

Nýr veiðistaður.



2. Klettsfoss

Kellsfoss er rétt fyrir neðan brúna við bæinn Klett. Við þennan foss er mesta veiðin fyrri part sumars. Best er að vaða fyrir ána fyrir ofan fossin og veiða þeim megin því þá er minni hætt á að styggja fiskinn í hylnum við löndun.



3. Klettsfljót

Klettsfljót er góður veiðistaður sem skilar mikið af fiskum. Þetta er stór staður og það getur verið erfitt að vita hvar fiskurinn liggur. Fljótið er veitt frá báðum bökkum, sé staðið húsmegin er annað hovrt kastað frá steininum og út að brú eða beint út af grasbakkanum. Bilmegin er best að standa á grynningum eða eyrinni. Þessi staður hentar mjög vel til flugu veiða með flotlínu. Klettsfljótið getur geymt marga fiska og sérstaklega í ljósaskiptunum. Það er gott að hvíla staðinn reglulega



4. Þúfukvörn


Það er lang að ganga þangað þar sem það er nánast ómögulegt að komast þarna á bíl.



5. Mjóanesáll

Mjóaneáall er skemmtilegur staður og þar veiðist vel. Best er að leggja bílnum á túninu, ekki fara alveg út að bakka. Best er að vaða síðan yfir ána fyrir ofan hylinn (smá skurður þar sem vaðið er yfir) og kasta frá yrinni upp að stóra bakkanum. Helsti tökustaðurinn er þó oftast rétt við eða í kringum frjótið sem skaga aðeins út í ána hábakkamegin. Laxinn liggur oft í torfum. Mjóanesáall er

stórfiska staður þa sem oftast en ekki veiðiast árlega stærstu fiskanir. Hægt er að læðast upp að stóra bakkann og skyggna í hylinn varlega.



6. Hamarsgeiri

Þessi staður getur verið mjög misjafn eftir því hvernig áin er. Það er grjót í miðjum hylnum sem laxinn liggur mjög of við.



7. Klapparhola/Ásgarðshola

Mjög sérkennilegur staður, djúpur skurður sem liggur þvert á nanna. Það koma alltaf laxar upp þessum hyl á hverju ári en laxinn getur legið þarna tugum saman þótt það sjáist ekki. Laxinn tekur best á maðk og er best að sökkva honum vel. Hægt er að veiða staðinn báðum megin frá en einungis með flugu eyrarmegin. Gott er að láta lítið fyrir sér fara og henda maðkinum upp á klöppina og reyna að láta hann stökkva á milli gróður sem hangir á erfti klöððinni.



8. Ágarðsfljót

Ágarðsfljót er um 40 metra fyrir ofan Klapparholuna, þetta er frekar grunn beiða með mikið af gróðri og steinum en ágætis renna. Tökustaðurinn er ofast út frá merkinu.



9. Kársnesfljót


Veiðistaðurinn er langur strengur í miðri ánni. Strengurinn myndar þarna vegna gróðurs sem er í botninum og og laxinn liggur oftast í skjóli það við . Lax getur tekið alveg fá efsta stað þar sem strengurinn byrjar og mynast og alveg niður um 100metra. Best er að nota maðk.



10. Sturlureykjastrengur

Þetta hefur verið einn af betri veiðistöðunum í ánni. Hann hefur aðeins dalað síðustu ár en skila alltaf sínu. Best er að vaða yfir ána og veiða eyramegin,

kasta að gróðrinum og í rennu sem lasinn liggur ofast í . Vænn silungur liggur of innan um gróðurinn.



11. Lauavallabreiða

Laugarvellabreiða



12. Nesfljót

Þegar farið er niður að Nesfljóti er fyrst keyrt yfir á vaði og keyrt áfram niður með ánni. Þessi staður hefur verið gjöfull og mest veitt beint út frá mekrinu við hábakkan.



13. Grímstaðaeýrar

Þetta er smá breyða rétt fyrir neðan Grímstaðarfljót, laxinn liggur oft í og við sefið sem er á fjærbakkanum,



14. Grímstaðafljót

Laxinn tekur beint fyrir ofan Grímstaðareyrarnar. Hann liggur of í kringum grjótið sem er í botninum. Búið er að sturta steypuhnullunum í kantinn á hábakkanum og liggur fiskurinn oftast beint undir þeim bakka. Gott er að veiða all svæðið vel þar sem hann getur legið út ufm allt á þessu svæði.



15. Kópareykjastokkur

Kópareykjastokkur er mjög langur veiðistaður, neðsti hluti hans er fyrri rofan efstu beygjuna í Grímstaðarfljóti. Best er að veiða allan staðinn niður því laxinn getur legið hvar sem er í hylnum. Bestu staðirnir eru eftst í straumnum, fyrir miðju þar sem bakkinn hækkar og svo fyrir miðju á háa bakkanum.



16. Reykholsfljót

Reykholsfljót eru í raun tveir veiðistaðir. Netðri er þar sem merkið er fyrri rnaðan fótoltavölinn, sá hylur eð arennna nær 50 metra niður eftir mekinu og getu lax legið um hann allan. Efttri hluti Reykholsfljóts er á vinstri hönd þegar komið er eftir

malareginum niður að ánni Reykholsmegin. Mikið er af steinum með bakkanum norðan megin og liggur fistkuirnn of í þeim. Best er að veiða staðin frá syðri bakkanum frá hori og niður



17. Hægindisstrengur

Keyrt er í gengum bæinn Hægindi og stundum keyrt yfir á vaði neðan hylsins (fer eftir vatnavöstum) Langbest reynist að veiða eyrarmegin frá og getur laxinn legið niður alla rennuna en oftast tekur hann við merkið sem á í hábakkanum..



17,5 Klofið

Klofið virðist vera staður sem hefur mynast eftir miklar leysingar, þetta er mjög djúpur og stór hylur. Þarna eru mjög oft laxar en það getur verið eftir að sjá hann. Laxinn ligur þarna undir bakkanum við torfu sem er ofan í hylnum og því er best að sökkva agninu. Ráð er að veiða svæðið niður allan háa bakkann allt niður á stóru breiðuna.



17,75 Ónefndur

Ónefndur



18. Beiðafljót

Breiðafljót er líklega sá saður sem kemur númer tvö í röðinni fyrri bestur veiðistaðina. Það telst til unantekningar ef það er ekki fiskur í þessum hyl. Best er að veiða hylinn frá eyrinni og það er gott að byrja efst og veiða alla leið niður. Hestu legustaðir laxsins eru 10 metra fyrir neða eftast hluta hylsins og svo um 20 metra neðar. Tilvalið er að ganga niður að Klofinu frá Beiðarsljótinu því of leynast fiskur í litlu hylunum sem eru þar á milli.



19. Vilmundastaðrfjót

Staðurinn hefur verið úti undanfarin ár.



20. Brúarstrengur

Staðurinn hefur verið úti undanfarin ár.



21. Gilskjafur/Rauðsgil

Þessi hylur er þar sem áin úr Rauðsgili kemur út í Reykjadalsánnu. Þetta er mikil og falleg breyða sem vert er að gefa góðan gaum. Menn hana lent í ævintýranlegri veiði á þessum stað.



22. Eyjarfljót

Til þess að komast að Eyrafljóti er keyrt á vaði fyrst rétt fyrir ofan Rauðsgils og svo aftur rétt neðan veiðistaðarins. Þarna borgar sig að fara mjög varlega og leggja bílnum töluvert frá. Staðurinn er mjög viðkvæmur og langoftst veiddur frá eyrinni. Veiðistaðurinn er nær grasbakkanum á móti og er þar mjög djúp renna en aðal hylurinn er neðst þar sem litil torfa stendur upp úr, annars er best að veiða allan hylinn meðfram grasbakkanum og niður á breiðuna en fara mjög varlega.



23.Tunnubakki

Þessi hylur er meðfram grasbakka rétt fyrir neða þar sem vegslóðinn endar. Þessi hylur virðist vera betri með hverju sumrinu og er nánast alltaf fiskur þarna. Þessi staður er eins og margi aðri veiðistaður og er langoftast veiddur eyrermegin og er mjög viðkvæmur. Þarna getur fiskurinn tekið alveg frá efsta stað þar sem rennan dýpkar og alveg niður að útfalli úr hylnum. Þarna rétt fyrir neða virðist vera að mynast annar hylur og tilvalið að prófa hann í leiðinni.



24. Torfbugur

Torfbugur er einn að betri stöðum í ánni en virðist einhverra hluta vegna gefa minni veiði en áður. Virðist laxinn ekki stoppa eins mikið í þessum hyl og áður. Hylurinn virðist þó vera að dýpka aftur. Hylurinn er tvískiptur, annar á beiðunni og hinn undir straumnum efst.



25. Hellufljót

Þetta er staður en er fáfarinn og þarf að keypa spöl niður ána og yfir á tveimur vöðum til þess að komast að staðnum. hylurinn er við grasbakka undir símastengjum sem eru þarna. Fiskurinn liggur oft undir torfunni efst í strengunum en oftast í sjálfum hylnum.



26. Búfellsfljót

Búfellsfljót eru tveir staðir, neðar og efra. Þessi staðir voru með þeim betri í ánni fyrir nokkurm árum en Búfellsfljótið virðist óðum vera að ná fyrr formi eftir

dálitla lægt og er kominn þarna ágætis hylur. Þarna þarf eins og á mörgum stöðum í ánni að fara mjög gætilega.



27. Símastengur

Símastengurinn er mjög góður staður á efsta svæði árinna. Þetta er mjög djúpur hylur meðfram grasbakka. Best er að veiða efst í beygjunni og einnig niður með grasabakkanum, skilti sem merkir staðinn er bein fyrir ofan mesta dýpið í hylnum.



28. Grjótapollur neðri

Grjótapollur neðri er hylurinn kringum klettinn, fiskurinn liggur oft þarna í beygjunni og einni í straumnum.



29. Grjótapollur efri

Laxinn virðist oft liggja í neðri pollinum en það kemur fyrir að fiskurinn er í þessum líka. Fiskruinn liggur oftast í miðjum pollinum og því þarf að fara mjög varlega á bakkanum þarna.



30. Giljafoss

Það er mjög erfitt að stunda veiðar á þessum stað því það er stór steinn þarna í hylnum sem gerir manni ekki kelifið að kasta almennilega í hylinn. Einhver sagði að gott væri að veiða fossinn ofan frá og láta maðkinn detta niður í hylinn. Það gæti verið svolítið mál að landa fiskninum en allt í lagi að taka sénsinn. Það er oft lax í fossinum og þá sérstaklega þegar gott vatn er í ánni og liggur hann þá gjarna við útfallið..